

**613. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
þriðjudaginn 23. maí 2023  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 613 lögmætan.

**Dagskrá:**

**1. Framkvæmdir við rafmagn á höfn - 2304041**

Samþykkt atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps frá 42. fundi hennar sem fór fram 10.05.2023 lögð fram til staðfestingar, um að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda í samræmi við tillögu Vegagerðarinnar í útboði á smíði og uppsetningu töfluskáps vegna endurnýjunar rafmagns á höfn.

*Afgreiðsla atvinnu- og hafnarnefndar er staðfest samhljóða.*

**2. Skóladagatal 2023-2024 - 2303077**

Skóladagatal 2023-2024 samþykkt á 10. fundi fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 11.05.2023.

*Sveitarstjórn staðfestir skóladagatal 2023-2024 með þremur atkvæðum.  
GJ situr hjá og JIJ greiðir atkvæði á móti.*

**3. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041**

Tillaga frá 9. fundi skipulagsnefndar sem fór fram 16.05.2023 um að gljúfrin í Hrafnadal/Hólsdal ásamt Botnsgljúfrum í Norður-Botni verði hverfisvernduð í nýju aðalskipulagi.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gljúfrin í Hrafnadal/Hólsdal ásamt Botnsgljúfrum í Norður-Botni verði hverfisvernduð í nýju aðalskipulagi. Vísað til skipulagsnefndar að taka mið af því við vinnslu aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps 2019-2031.*

**4. Flóð Tunguá 13.02.2023 - 2302054**

Tillaga frá 9. fundi umhverfis- og byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.05.2023 um að þvottaplan verði fjarlæggt og því fundin ný staðsetning í samvinnu við hagaðila.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um að þvottaplan við Hólsá verði fjarlæggt og því fundinn ný staðsetning.*

**5. Atvinnu- og hafnarnefnd - 42 - 2305002F**

Fundargerð 42. fundar atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 10.05.2023.

*Fundargerðin er staðfest.*

- 5.1 2304041 - Framkvæmdir við rafmagn á höfn
- 5.2 2110201 - Starfsmannamál Tálknafjarðarhafnar
- 5.3 2304088 - Rekstur tjaldsvæðis 2023
- 5.4 2301004 - Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2023
- 5.5 2301083 - Fundargerðir Hafnasambands Íslands 2023

**6. Fræðslunefnd - 10 - 2305003F**

Fundargerð 10. fundar atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 11.05.2023.

*Fundargerðin er staðfest.*

- 6.1 2303077 - Skóladagatal 2023-2024
- 6.2 2208001 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2022-2023
- 6.3 2304023 - Erindi til fræðslunefndar
- 6.4 2305009 - Fræðsluerindi Samtakanna "78

**7. Skipulagsnefnd - 9 - 2305004F**

Fundargerð 9. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 16.05.2023.

*Fundargerðin er staðfest.*

- 7.1 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031
- 7.2 2110138 - Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði

**8. Umhverfis- og byggingarnefnd - 9 - 2305005F**

Fundargerð 42. fundar umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.05.2023.

*Fundargerðin er staðfest.*

- 8.1 2302054 - Flóð Tunguá 13.02.2023
- 8.2 2304037 - Niðurrif á brunarústum í Norðurbotni
- 8.3 2305091 - Umsókn um sjólögn á Gileyri
- 8.4 2302103 - Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg
- 8.5 2303166 - Neysluvatnssýni 20.03.2023

**9. Áskoranir frá félagi eldri borgara - 2305104**

Áskoranir til bæjarstjórnar Vesturbyggðar og sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps frá aðalfundi Félags eldri borgara í V-Barðastrandasýslu sem fór fram 04.05.2023. Áskoranirnar snúa að eflingu lýðsheilsu eldri borgara sem og aðgangi að bókasöfnum og sundstöðum.

*Sveitarstjórn vísar erindinu til umfjöllunar í íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefnd.*

**10. Eftirlit með fjármálum sveitarfélaga - 2305101**

Erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 09.05.2023 þar sem gert er grein fyrir áhersluatriðum nefndarinnar í almennu eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2023.

*Lagt fram.*

**11. Ársfundur fulltrúaráðs Vestfjarðastofu 2023 - 2305069**

Erindi frá Vestfjarðastofu dags. 09.05.2023 þar sem boðað er til ársfundar fulltrúaráðs Vestfjarðastofu árið 2023 sem haldinn verður 24.05.2023 á Bildudal.

*Lagt fram.*

**12. Aðalfundur BsVest 2023 - 2305121**

Erindi frá Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks dags. 12.05.2023 þar sem boðað er til aðalfundar BsVest 2023. Fundurinn fer fram sem fjarfundur 31.05.2023.

*Lagt fram.*

*Samþykkt að sveitarstjóri og oddviti sveitarstjórnar fari með atkvæði Tálknafjarðarhrepps á fundinum.*

**13. Ársfundur Starfsendurhæfingar Vestfjarða 2023 - 2305140**

Erindi frá Starfsendurhæfingu Vestfjarða dags. 16.05.2023 þar sem boðað er til ársfundar sem fer fram á Ísafirði 31.05.2023.

*Lagt fram.*

**14. Veðar á ref og mink - 2305147**

Erindi frá Bjarmalandi, félagi atvinnuveiðimanna í ref og mink, dags. 19.05.2023 varðandi starfskjör félagsmanna félagsins.

*Lagt fram.*

**15. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2023 - 2301025**

*Farið yfir ýmis atriði og þau rædd.*

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps lýsir yfir áhyggjum af þeim drætti sem orðinn er á framkvæmdum á Bildudalsvegi um Mikladal. Núverandi ástand vegarins er með öllu óásættanlegt og hættulegt. Sveitarstjórn skorar á Vegagerðina að setja kraft í verkið þannig að áætluð verklok haustið 2023 standist.*

**16. Samstarfsnefnd vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2302046**

Fundargerð fundar samstarfsnefndar vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem fór fram 10.05.2023.

*Lagt fram.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.**

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Guðlaugur Jónsson (GJ)

---

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)